

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hljómfræði F1 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Áfram unnið með hljómfærslu og aðferðir Arnolds Schönbergs helst hafðar til hliðsjónar. Í upphafi er hljómfærsla í með þríhljóum í moll í brennidepli og venjur þar að lútandi. Að því búnu er farið í díatóniska sjöundarhljóma og meðferð þeirra fyrst í dúr og síðan moll. Hljómakort fyrir þríhljóma í moll eru unnin og sömuleiðis hljómakort með sjöundarhljóum í dúr og moll.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig þríhljómar verða heimahljómar í molltónategundum, hvernig þeir tengjast og mynda hljómræna framvindu, meðferð hækkaðra tóna hljómhæfs og laghæfs molls og röðun hljómanna í hljómakort. Jafnframt þekki hann venjur varðandi díatóniska sjöundarhljóma bæði í dúr og moll þar sem meðferð sjöundarinnar er í forgrunni og uppsetningu hljómakorts með sjöundarhljóum.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að þekkja og greina díatóniska þríhljóma í molltónategundum og byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman, bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Hið sama á við bæði í dúr- og molltónategundum þar sem sjöundarhljómar koma fyrir. Hann skal hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort og virkja hentuga rödd fyrir hverja hljómnótu í hljómfærslu.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifð út og greint hljómaframvindu í einföldum raddskrám með þríhljóum í molltónategundum og einnig þar sem sjöundarhljómar koma fyrir bæði í dúr- og molltónategundum. Einnig telst nemandi nú vel hæfur og til að hefja nám í hljómfærslu með krómatískum hljóum.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni og próf		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (3. – 5. jan 2024)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Þríhljómar í moll grunnstöðu, röðun þeirra sem heimahljóma í hinum ýmsu dúrtónategundum og hljómakort með þeim.	
2. vika (8. – 12. jan. 2024)	Hljómakort þríhljóma í molltónategundum	
3. vika (15. – 19. jan 2024)	Hljómgreining þríhljóma í molltónategundum	
4. vika (22. – 26. jan 2024)	Hljómaraðir þríhljóma í molltónategundum	
5. vika (29. jan – 2. feb 2024)	Hljómaraðir þríhljóma í moll unnar áfram og hljómakort ríjuð upp.	
6. vika (5. – 9. feb 2024)	Sjöundarhljómar dúrs kynntir til sögunnar og meðferð sjöunda	
7. vika (12. – 16. feb 2024)	Unnið með hljómakort sjöundarhljóma dúrs	
8. vika (19. – 23. feb 2024)	Sjöundarhljómar dúrs í grunnstöðu í hljómaröðum	
9. vika (26. feb.– 1. mars 2024)	Sjöundarhljómar dúrs í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

10. vika 4. – 8. mars 2024)	Sjöundarhljómar dúrs í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
11. vika (11. – 15. mars 2024)	Sjöundarhljómar molls kynntir til sögunnar og meðferð hækkaðra tóna og sjöunda	
12. vika (18. – 22. mars 2024)	Hljómakort sjöundarhljóma molls	
13. vika (25. – 29 mars. 2024)	Páskafrí	
14. vika (2. – 5. apríl 2024)	Sjöundarhljómar molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
15. vika (8. – 12. apríl 2024)	Sjöundarhljómar molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
16. vika (15. – 19. apríl 2024)	Enn unnið með söundarhljóma molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
18. vika (22. – 26. apríl 2024)	Yfirlit yfir námsefni vetrarins, sýnispróf skoðað	
19. vika (29. apríl – 3. maí 2024)	Yfirlit yfir námsefni vetrarins, sýnispróf skoðað	
20. vika 6. – 10. maí 20-24)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf